

## Námsáætlun fyrir íslensku - 2. bekkur skólaárið 2019 – 2020



**Kennari:** Birna Ásgeirsdóttir og Hildur Bjarney Torfadóttir

**Tímafjöldi:** 8 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum</li> <li>taka virkan þátt í umræðum</li> <li>geta tjáð skoðanir sínar og staðið fyrir máli sínu.</li> <li>hlusta á aðra og taka tillit til annarra</li> <li>endursegja og/eða lesa sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga</li> <li>undirbúa stuttar frásagnir</li> <li>tala skýrt og áheyrilega</li> <li>syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng</li> <li>hlusta og horfa á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og aðrir nemendur og geti greint frá upplifun sinni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesið er daglega fyrir nemendur.</li> <li>Þeir lesa upphátt hver fyrir annan og/eða upphátt fyrir allan bekkinn.</li> <li>Nemendur eru hvattir til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögunum, segja sögur og taka þátt í samræðum.</li> <li>Þeir eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega.</li> <li>Í sögubókinni fá nemendur tækifæri til að tjá sína reynslu og miðla henni svo til hinna nemendanna. Hlustað er á fjölbreyttan upplestur á t.d. sögum og ljóðum.</li> <li>Nemendur lesa upp sögur og ljóð og segja frá verkefnum sínum ásamt því að flytja eigin texta fyrir aðra.</li> </ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur skrifa sögur heima í sögubók að meðaltali einu sinni í mánuði og lesa svo söguna fyrir bekkjarfélaga sína í skólanum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hlustunaræfingar (2A, 2B, 2C) lagðar fyrir í nóv/des, og aftur í mars (2D, 2E, 2F)</li> <li>Niðurstöður verða settar inná Mentor.</li> </ul>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfa lesturinn með fjölbreyttum verkefnum og</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aðallega er stuðst við hljóðlestraraðferðina en aðrar aðferðir eru notaðar með í bland.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lagðar verða fyrir stafakannanir fyrir þá</li> </ul>

	<p>auka þannig áhuga nemenda á lestri og hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• kynnast rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum</li> <li>• auka orðaforða sinn og efli málskilning</li> <li>• auka leshraða og lesskilning</li> <li>• vinna með eigin frásagnir og sögur</li> <li>• læra að nýta sér bækur og annað lesefni á ýmsu formi, bæði í kennslustofu og á skólasafni</li> <li>• lesa bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur</li> <li>• læra vísur og ljóð utanbókar til söngs</li> <li>• læra hvað felst í hugtökunum, persóna, söguhetja, höfundur, söguþráður og sögulok</li> <li>• læra/semja sögur/vísur/ljóð</li> <li>• þekkja þekktar sögur og ævintýri</li> <li>• lesa og kynnast myndrænu efni t.d. kortum, myndritum og ýmsum</li> </ul>	<p>Nemendum er skipt í getuskipta lestrarhópa og fá lestrarefni við hæfi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hver nemandi fær að auki lestrarbók úr bókasafni kennarans ásamt því að velja sér frjálslestrarbækur á bókasafni.</li> <li>• Áhersla er lögð á daglegan lestur nemenda í skóla, bæði í hljóði og upphátt.</li> <li>• Nemendur lesa heima á hverjum degi.</li> <li>• Í skólanum er lesið daglega fyrir nemendur.</li> <li>• Unnið er með gagnvirkkan lestur, hugtakakort, bergmálslestur, kórlestur og vinalestur.</li> <li>• Nemendur vinna með ljóð. Unnið er með ljóðið í stílabók og ljóðið sungið. Einnig semja nemendur sín eigin ljóð.</li> <li>• Unnið verður með ýmsar sögugerðir t.d. þjóðsögur og ævintýri, þar sem nemendur geta endursagt sögurnar í máli og myndum.</li> <li>• Nemendur læra um uppbyggingu frásagna þ.e. upphaf-miðju-endi.</li> </ul> <p><b>Lestraráttak</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áætlað er að vera með a.m.k. tvö lestrarátök eitt að hausti og annað að vori. Fyrri lestrarátakið er þannig að nemendur lesa heima og skrá niður hve margar mínútur þeir lásu heima. Einnig fá þeir tækifæri til að lesa í skólanum og skrá niður mínúturnar.</li> <li>• Í seinna lestrarátakinu verða notuð mínútuspjöld. Nemandi fær lestrarspjald sem hann les heima við tímatöku foreldra.</li> </ul>	<p>nemendur sem þurfa.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesfimiþróf verða í september, janúar og maí.</li> <li>• Lagðar verða fyrir lestarskimanirnar Leið til læsis, orðleysur og sjónrænn orðaforði.</li> <li>• Lesskilningsþróf verða lögð fyrir í janúar og maí.</li> <li>• Niðurstöður lestrarkannanna verða settar inn á Mentor.</li> </ul> <p><b>Lestrarviðmið í lestri við lok. 2. bekkjar</b></p> <p>90% nemenda á að ná 40 orðum á mínútu. 50% nemenda á að ná 85 orðum á mínútu. 25% nemenda á að ná 100 orðum á mínútu.</p>
--	--	---	---

		<p>Viðmiðið er að ljúka spjaldinu á innan við mínútu eða að bæta tímann í hvert sinn sem lesið er. Spjaldið er síðan lesið í skólanum við tímatöku kennara.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarátökin verða miðuð við hæfi hvers og eins. Foreldum eru veittar upplýsingar um lestrarátökin og þeir kvitta daglega fyrir heimalesturinn.</li> <li>• Lestrarvinir koma til okkar 3x í viku þar sem nemendur sem standa höllum fæti í lestri fá aukalestur í skóla.</li> </ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur lesa heima á hverjum degi.</li> </ul>	
<b>Ritun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• draga rétt til stafs og temja sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang</li> <li>• nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd</li> <li>• stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni</li> <li>• semja texta við eigin myndir og annarra og skrifa sjálfur eða með aðstoð</li> <li>• fá tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifa sjálfur með aðstoð</li> <li>• skrá sjálfur eða með aðstoð frásagnir úr fjölbreyttu efni</li> <li>• átta sig á að frásögn hefur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur rifja upp frumatriði skriftar s.s. rétta skriftarátt, blýantsgrip og líkamsstöðu ásamt vönduðum vinnubrögðum.</li> <li>• Nemendur skrifa heima og eftir forskrift í skólanum.</li> <li>• Kennd er ítölsk skriftargerð með tengikrók.</li> <li>• Mikil áhersla er á ritun frásagna og skapandi sögugerð þar sem nemendur fá þjálfun í að tjá hugsanir sínar og upplifun í orði og ritun.</li> <li>• Nemendur halda dagbók sem þeir skrifa í reglulega.</li> <li>• Nemendur vinna ýmis ritunarverkefni í skóla tengd eigin reynslu og annarra s.s. sögugerð og dagbók.</li> <li>• Lögð er áhersla á setningaskipan í texta þ.e. að setningar hafa upphaf og endi, byrji á</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Prófað er í skrift í janúar og maí.</li> <li>• Gátlisti verður notaður til að meta eftirfarandi þætti í ritun í sögubók: fyrirsögn, bil á milli orða, stór stafur, punktur, fylgja línu, vönduð vinnubrögð.</li> </ul>

	<p>fyrirsögn, upphaf, meginmál og endi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• átta sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti</li> </ul>	<p>stórum staf og enda á punkti.</p> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur skrifa heima í sögubók og í skriftabók.</li> </ul>	
<b>Málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• læra stafrófið</li> <li>• þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning</li> <li>• þjálfast í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn</li> <li>• átta sig á mun sérhljóða og samhljóða</li> <li>• þekkja reglur um stóran og lítinn bókstaf</li> <li>• leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum</li> <li>• efla almenna málbeitingu, máltilfinningu og orðaforða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.</li> </ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ýmis verkefni sem tengjast vinnu í skóla.</li> </ul>	
<p><b>Námsgögn:</b></p> <p><b>Lestur og bókmenntir:</b>  Lestrarbækur <i>Við lesum B</i> ásamt vinnubók  <i>Tína fer í frí</i>  <i>Bjarni og Svenni</i>  <i>Til sjós og lands</i>  Smábækur - (samhljóðasambönd) 1. – 8. hefti og verkefni  <i>Bras og þras á Bunulæk</i> ásamt vinnubók-  <i>Lesum og lærum</i> ásamt vinnubók (ljósrit)</p>			

*Lesa og skilja*  
*Ruslaskrímlið*  
Fjölbreytt úrval léttlestrarbóka  
*Sín ögnin af hverju*  
*Ljóðsprotar*  
Þjóðsögur af rnb.is

**Talað mál og hlustun:**

Ljóðabækur  
Sögugerðarbækur  
Geisladiskar  
Myndbönd  
Ýmsar sögubækur

**Skrift:**

Æfingabók 1  
*Skrift 2*  
Sögubók  
A4 Stílabók til sögugerðar  
A5 stílabók til dagbókaskrifa

**Málfræði:**

*Ritrún 1 og 2*  
*Leikur að orðum (ljósrit)*  
*AB vinnubók (ljósrit)*  
*Lesa og skilja*  
*Sín ögnin af hverju*  
Verkefnablöð  
Vinnubækur með lestrarbókum  
Orð og setningar 1 (ljósrit af skólavefnum)  
Stafir og orð (ljósrit af skólavefnum)

### **Íslenskuverkefni – Samþætting**

Stefnt er að því að vinna að samþættingu í íslensku og samfélagsfræði/líffræði út frá bókunum Komdu og skoðaðu hafið, bílinn og fjöllin. Verkefnið skiptist í 5 þætti:

1. Gagnvirkur lestur: Lesinn stuttur texti.
2. Hugtakakort: Unnið verður með einföld hugtakakort.
3. Bókmenntir/ljóð: Nemendur fá vísu/ljóð um ákveðið viðfangsefni sem þeir vinna með t.d. með því að skrifa og skreyta og/eða yrkja ljóð.
4. Orðaforði: Nemendur vinna með hin ýmsu orð sem koma fram í texta og í umræðum. Rætt um þýðingu orðanna og þau skrifuð upp.
5. Ritun: Nemendur semja texta um viðfangsefnið.

**Lokanámsmat:** Gefið í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D.

#### **Lesfimi:**

Lesfimipróf lögð fyrir í september, janúar og maí.

#### **Lesskilningur:**

Hlustunarverkefni lögð fyrir í nóvember (3 kannanir) og í mars (3 kannanir), lesskilingsverkefni lögð fyrir í janúar og maí.

#### **Skrift:**

Skriftarkannanir lagðar fyrir í janúar og maí